



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Reykvískir nemendur í Arnarskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 10. mars 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. mars 2020, um reykvíska nemendur í Arnarskóla, umsögn sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 3. mars 2020 og þjónustusamningi Arnarskóla og skóla- og frístundasviðs fyrir skólaárið 2019-2020:

Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði heimilað að gera samning við Arnarskóla um framlag vegna fjögurra reykvískra nemenda sem nú þegar eru í Arnarskóla um skólavist þeirra skólaárið 2020-2021. Framangreint er háð því að foreldrar þeirra óski eftir skólavist og uppfyllt séu skilyrði til samræmis við það sem fram kemur í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. mars 2020. Ekki verði opnað fyrir umsóknir vegna fleiri nemenda fyrr en mat á starfsemi skólans liggur fyrir. Þjónustusamningur vegna skólaársins 2019-2020 er samþykktur.

Greinargerð fylgdi.

Tillaga skóla- og frístundaráðs var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar í skóla- og frístundaráði óska eftir því að borgarráð taki málefni reykvískra nemenda í Arnarskóla til heildstæðrar umræðu í samhengi við þá tillögu sem hér er lögð fram. Líkt og fram kemur í greinargerðinni með tillögunni hefur ekki verið framkvæmt ytra mat á starfsemi Arnarskóla en faglegar forsendur til fjölgunar reykvískra nemenda liggja ekki fyrir fyrr en það hefur verið gert. Skóla- og frístundaráð hvetur til þess að Menntamálastofnun vinni þetta mat á starfi Arnarskóla hið fyrsta, með þarfir reykvískra nemenda í huga.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 4. mars 2020

Umsögn sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 3. mars 2020

Þjónustusamningur


Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata

Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði heimilað að gera samning við Arnarskóla um framlag vegna fjögurra reykvískra nemenda sem nú þegar eru í Arnarskóla um skólavist þeirra skólaárið 2020 -2021. Framangreint er háð því að foreldrar þeirra óski eftir skólavist og uppfyllt séu skilyrði til samræmis við það sem fram kemur í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. mars 2020. Ekki verði opnað fyrir umsóknir vegna fleiri nemenda fyrir en mat á starfsemi skólans liggur fyrir. Þjónustusamningur vegna skólaársins 2019 -2020 er samþykktur.

Greinargerð:

Til samræmis við það sem fram kemur í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. mars 2020, er komist að þeirri niðurstöðu að reykvískir nemendur sem nú þegar eru í Arnarskóla fái tækifæri á að halda áfram námi sínu þar. Hins vegar sé ekki rétt að fjölga reykvískum nemendum sem greitt er framlag vegna til Arnarskóla fyrir en mat hefur verið framkvæmt á starfseminni.

Fyrir liggur að ekki hefur verið framkvæmt ytra mat á starfsemi Arnarskóla, hvorki af hálfu Kópavogsbæjar eða Menntamálastofnunar. Faglegar forsendur til fjölgunar liggja því ekki fyrir. Auk þess er mikilvægt að skólinn hafi verið starfrækur í núverandi húsnæði til lengri tíma áður en afstaða verður tekin til mögulegrar fjölgunar reykvískra nemenda í skólanum.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 4. mars 2020
SFS2018110109
178. fundur
HG/sv/gs

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Reykvískir nemendur í Arnarskóla

Um Arnarskóla

Arnarskóli er sjálfstætt rekinn sérskóli fyrir börn með þroskafrávik. Skólinn býður upp á heildstæða skóla- og frístundapjónustu fyrir börn með þroskafrávik á grunnskólaaldri. Í heildstæðri þjónustu felst að veitt er samfelld þjónusta allan daginn, allan ársins hring. Starf skóla, frístundar og sumarfrístundar er fléttað saman í eitt heildstætt úrræði. Lögð er áhersla á atferlisíhlutun þar sem atferlisfræðingar þjálfa starfsfólk og samræma vinnubrögð. Engin ákveðin greining er forsenda skólavistar og eru allar umsóknir teknar til athugunar.

Þar sem skólinn er staðsettur í Kópavogi hefur hann gert þjónustusamning við Kópavogsbæ og hefur fengið viðurkenningu sem einkaskóli á grunnskólastigi frá Menntamálastofnun en viðurkenningin byggir á þjónustusamningnum við Kópavogsbæ.

Foreldrar sem óska eftir skólavist í Arnarskóla fyrir barn sitt sækja um á sérstöku eyðublaði og metur skólinn hvort Arnarskóli sé hentugur fyrir barnið. Telji skólinn að hann henti barninu leiðbeinir hann foreldrum með hvað þeir þurfa að gera til að sækja um hjá sínu sveitarfélagi.

Arnarskóli er viðbótar valkostur fyrir þau börn og foreldra sem skólinn metur að hann henti fyrir. Á heimasíðu skólans er ekki að finna reglur um inntökufærli, inntökuviðmið í skólann né á hverju mat skólans er byggt hvort hann henti eða ekki en fram kemur að skólinn sé fyrir börn með þroskafrávik. Í þjónustusamningi skólans við Kópavogsbæ, dags. 2. maí 2018, kemur fram að skólinn sé opinn nemendum með einhverfu eða önnur þroskafrávik, sem þurfa einstaklingskennslu og/eða stuðning stóran hluta skóladagsins til að þess að læra og dafna. Inntökuteymi skólans meti hverja umsókn í samvinnu við skólayfirvöld í lögheimilissveitarfélagi nemandans. Sérstaklega sé horft til þess hvort skólinn geti mætt þörfum nemandans með þeirri þjónustu sem hann býður upp á. Hver umsókn sé metin á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga og mati fulltrúa skólans á nemandanum.

Aðrir möguleikar foreldra barna með alvarlegar þroskaskerðingar sem óska eftir sérúrræði fyrir barn sitt eru að sækja um í sérúrræðum Reykjavíkurborgar, sem eru Klettaskóli, sérhæfðar sérdeildir fyrir nemendur með einhverfu og Brúarskóli. Sérstakar reglur gilda um innritun og

útskrift nemenda úr þessum sérúrræðum borgarinnar og hafa þær reglur fengið staðfestingu ráðherra.

Samþykktir skóla- og frístundaráðs og borgarráðs

Á 148. fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. nóvember 2018 var samþykkt verklag vegna umsókna foreldra reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla vegna skólaársins 2019 - 2020. Þann 10. janúar 2019 samþykkti borgarráð tillöguna.

Á 163. fundi skóla- og frístundaráðs var lagt fram til upplýsinga minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2019, varðandi ákvörðun um fjölda nemenda sem greitt er framlag vegna til Arnarskóla.

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2019 var skóla- og frístundasviði heimilað að gera samning við Arnarskóla vegna umsókna fjögurra foreldra reykvískra nemenda um skólagöngu í Arnarskóla skólaárið 2019-2020 þar sem fram koma skýr ákvæði um greiðslur til skólans á grundvelli greininga og mats á þjónustupörf hvers barns. Fjármála- og áhættustýringarviði verði falið í samstarfi við skóla- og frístundasvið að gera fjárhagslega greiningu á kostnaði við hvert barn í sérskólum og sérdeildum Reykjavíkurborgar með hliðsjón af framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Reykjavíkurborgar. Samningur við Arnarskóla tryggi ofangreindum fjórum börnum skólavist næsta vetur en verði með fyrirvara um fjárhagslega þætti sem leitt geti til endurskoðunar byggt á ofangreindum greiningum.

Reykvískir nemendur í Arnarskóla og þjónustusamningur við Arnarskóla

Skólaárið 2019 – 2020 eru fjórir reykvískir nemendur í Arnarskóla en tveim umsóknum var synjað þar sem þær komu of seint fram. Foreldrar þessara fjögurra barna hafa allir skilað inn umsóknum fyrir næst komandi skólaár. Til viðbótar hafa borist fimm nýjar umsóknir vegna næsta skólaárs.

Þann 18. febrúar 2020 var undirritaður samningur vegna framangreindra nemenda með fyrirvara um samþykki borgarráðs þar sem borgarráð heimilaði að gerður yrði samningur vegna skólaársins 2019 -2020 með því skilyrði að greiðslur áttu að grundvallast á greiningu og mats á þjónustu hvers barns. Skóla- og frístundasvið óskaði eftir að gjald yrði til samræmis við samþykkt borgarráðs en skólinn hafnaði því fyrirkomulagi. Skólinn lagði því fram einstaklingsnámskrá vegna tilgreindra nemenda og tilgreindra gjaldaskrá byggða á þeim þörfum. Niðurstaða skóla- og frístundasviðs var að fullnægjandi greining hafi verið gerð vegna þjónustuparfa vegna þeirra 4 barna sem nú stunda nám í Arnarskóla og liggja fyrir einstaklingsmiðaðar námskrár sem sérfræðingur skóla- og frístundasviðs í málefnum fatlaðra hefur yfirfarið og staðfest. Gjaldskrá skólans hafi því verið í samræmi við þjónustuparfir.

Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Samkvæmt upplýsingum frá Arnarskóla tekur gjald vegna skólavistar mánaðarlegum breytingum samkvæmt launavísitölu sem gildir fyrir þann mánuð sem greitt er fyrir. Miðað er við átta tíma þjónustu á dag en boðið er upp á þjónustu alla mánuði ársins. Samkomulag hefur verið milli viðkomandi sveitarfélags og foreldra hvort barnið er í þjónustu Arnarskóla ellefu eða tólf mánuði á ári. Þjónusta vegna skóla og frístundar er ekki sundurgreind á reikningum skólans en sveitarfélögin hafa sjálf skipt reikningum upp milli skóla- og frístundaþjónustu.

Mánaðargjald á nemanda fyrir febrúar 2020 er kr. 1.309.664 á 3 nemendur en kr.1.462.142 á 1 nemanda v.meiri fötlunar.

Kostnaður vegna fjögurra nemenda er kr. 5.391.134 á mánuði skv. gjaldi í feb. 2020 og á ári miðað við 12 mánaða þjónustu kr. 64.693.608 Tekur kostnaður breytingum skv. launavísitölu

Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að nemandi sem kemur úr Klettaskóla eða einhverfudeild taki með sér fjármagn úr viðkomandi sérúrræði. Fari nemandi úr slíku úrræði fækkar ekki plássum þar heldur eru teknir inn nýir nemendur í laus pláss. Ekki er raunhæft að ætla að þessi úrræði dragist saman við það að börn þar flytjist yfir í Arnarskóla en hins vegar má leiða að því líkum að lítillega geti dregið úr ákalli um fjölgun eða stækkun.

Í umsögn sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 3. mars 2020, kemur m.a. fram að væru nemendurnir 4 í Klettaskóla, yrði árlegur kostnaður kr. 52.561.000 byggt á rauntölum 2019. Viðbótarkostnaður á ársgrundvelli væru því tæpar 12.000.000 eða um 18,5% hærri en í Klettaskóla.

Jafnframt kemur fram að fyrir liggi að innri leiga Klettaskóla hækki mikið milli ára, fari úr kr. 126.000.000 fyrir árið 2019 í kr. 450.000.000 vegna ársins 2020. Ef mismuninum kr. 324.000.000 sé deilt á 130 nemendur sem stunda nám við Klettaskóla hækki kostnaður pr. nemenda um tæpar kr. 2.500.000 á ári og verði þá kr. 15.632.000 og árlegur kostnaður vegna 4 nemenda yrði kr. 62.531.000, sem er álíka kostnaður og við nemendur í Arnarskóla.

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 3. mars 2020.

Ekki er gert ráð fyrir framangreindum kostnaði í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs. Mun skóla- og frístundasvið því óska eftir því við borgarráð að samþykktur verði viðauki til að standa straum af þessum kostnaði.

Afstaða/álit skóla- og frístundasviðs

Það er mat skóla- og frístundasviðs að ekki sé rétt að fjölga reykvískum nemendum sem greitt er framlag vegna til Arnarskóla að svo stöddu. Engu að síður fái reykvískir nemendur sem nú þegar eru í skólanum tækifæri á að halda áfram námi sínu þar.

Framangreint er háð því að foreldrar sækji um áframhaldandi skólavist til skóla- og frístundasviðs og fylli út umsókn vegna beiðni um námsvist í grunnskóla utan lögheimilis nemanda eigi síðar en 1. apríl 2020. Jafnframt er það skilyrði að nemendurnir uppfylli sömu skilyrði og sett voru þegar heimilað var að greiða framlag skólaárið 2019 – 2020, sjá minnisblað sviðsstjóra, dags. 23. nóvember 2018, þar sem lagt er til ferli við afgreiðslu beiðna um framlag Reykjavíkur vegna umsókna um skólavist í Arnarskóla vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Ekki er mælt með fjölgun reykvískra nemenda í Arnarskóla að svo stöddu þar sem ekki hefur verið framkvæmt ytra mat á starfsemi Arnarskóla, hvorki af hálfu Kópavogsbæjar eða Menntamálastofnunar. Faglegar forsendur til fjölgunar liggja því ekki fyrir. Auk þess er mikilvægt að skólinn hafi verið starfrækur í núverandi húsnæði til lengri tíma áður en afstaða verður tekin til mögulegrar fjölgunar reykvískra nemenda í skólanum.



Umsögn

Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsvið

Efni: Umsóknir um inntöku fjögurra nemenda í skólavist í Arnarskóla skólaárið 2020-2021

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hefur óskað eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um fyrirhugaðan samning um framlag vegna skólavistar fjögurra reykvískra nemenda í Arnarskóla, sjálfstætt reknun sérskóla, skólaárið 2020-2021. Fram kemur að um er að ræða áframhaldandi skólavist nemenda sem notið hafa kennslu í skólanum skólaárið 2019-2020.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum þann 18. júlí 2019 að heimila skóla- og frístundasviði að gera samning við Arnarskóla um vistun fjögurra nemenda í Arnarskóla skólaárið 2019-2020. Fyrir lá umsögn fjármála- og áhættustýringarsvið við framlagningu erindisins dags. 11. júlí 2019, ásamt minnisblaði skóla- og frístundasviðs dags. 21. júní 2019 sem vísað er í hér til nánari upplýsinga. Í gögnunum kom fram að áætlaður kostnaður vegna skólavistar fjögurra nemenda í Arnarskóla væri um kr. 59.400.000 og var það mat skóla- og frístundasviðs að kostnaðurinn væri um 19,5% hærri en meðalkostnaður við skólavist nemenda í Klettaskóla.

Samþykkt borgarráðs fylgdi svohljóðandi bókun:

Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði heimilað að gera samning við Arnarskóla vegna umsókna fjögurra foreldra reykvískra nemenda um skólagöngu í Arnarskóla skólaárið 2019-2020 þar sem fram koma skýr ákvæði um greiðslur til skólans á grundvelli greininga og mats á þjónustupörf hvers barns. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið í samstarfi við skóla- og frístundasvið að gera fjárhagslega greiningu á kostnaði við hvert barn í sérskólum og sérdeildum Reykjavíkurborgar með hliðsjón af framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Reykjavíkurborgar. Samningur við Arnarskóla tryggi ofangreindum fjórum börnum skólavist næsta vetur en verði með fyrirvara um fjárhagslega þætti sem leitt geti til endurskoðunar byggt á ofangreindum greiningum.

Umsögn

Samningur milli skóla- og frístundasviðs og Arnarskóla vegna skólavistar fyrir veturinn 2019-2020 liggur fyrir með fyrirvara um samþykki borgarráðs á ákvæði 2. gr. samningsins um rekstrarframlag. Þar er tilgreint það gjald sem liggur til grundvallar skólavist þeirra fjögurra nemenda sem stunda nú nám við skólann.

Skóla- og frístundasvið óskaði eftir að gjald yrði til samræmis við samþykkt borgarráðs en skólinn hafnaði því fyrirkomulagi. Skólinn lagði því fram einstaklingsnámskrá vegna tilgreindra nemenda og tilgreindra gjaldskrá byggða á þeim þörfum. Niðurstaða skóla- og frístundasviðs var að fullnægjandi greining hafi verið gerð vegna þjónustuþarfa vegna þeirra 4 barna sem nú stunda nám í Arnarskóla og liggja fyrir einstaklingsmiðaðar námskrár sem sérfræðingur skóla- og frístundasviðs í málefnum fatlaðra hefur yfirfarið og staðfest. Gjaldskrá skólans hafi því verið í samræmi við þjónustuþarfir.

Skóla- og frístundasvið hefur bent á að farið hafi verið í einu og öllu eftir þeim ákvæðum laga er snúa að málefnum grunnskólabarna með sérþarfir, nánar tiltekið 2. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 svo og 3. mgr. 28. gr. sömu laga um samþættingu skóla og frístundar þar sem samfella er í þjónustu við nemendur skólans allan skóladaginn. Einnig er samfella í skólasterfi Arnarskóla þannig háttað að skólaárið er 12 mánuðir án tilfallandi frídaga, starfsdaga, vetrarfrís eða annarra lokana. Þá hefur Arnarskóli hlutast til um að láta gera nákvæma einstaklingsmiðaða námsskrá fyrir þau fjögur börn sem sækja skólann sem sérfræðingur í málefnum fatlaðra á skóla- og frístundasviði hefur yfirfarið og samþykkt. Í gögnum sem fylgja námskrá hvers barns eru ítarlegar og persónulegar upplýsingar um fötlun, getu, þarfir, lyfjagiöf, umönnunarpörf og fleiri þjónustubáttum sem þörf er á út frá mati fyrir börnin. Fjármála- og áhættustýringarsviði þykir óþarfi að leggja þær upplýsingar fram að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða en leggur til að mat skóla- og frístundasviðs sé lagt til grundvallar við ákvörðun um hvort áframhaldandi skólavist verði samþykkt fyrir börnin samkvæmt þeirri gjaldskrá sem Arnarskóli gefur út og greitt hefur vegna skólavistar 2019-2020.

Þegar kostnaður vegna skólavistar barnanna í Arnarskóla er skoðaður hefur Fjármála- og áhættustýringarsvið haft Klettaskóla til hliðsjónar, sem er sá skóli í Reykjavík sem þjónustar flesta nemendur með svipaðar þarfir. Þar eru 130 nemendur við nám þ.a. 48 nemendur frá öðrum sveitarfélögum. Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði var raunkostnaður pr. barn í Klettaskóla fyrir árið 2019 um kr. 13.140.000. Greiða börn sem ekki eru búsett í Reykjavík gjald samkv. gjaldskrá.

Raunkostnaður 2019	Fjöldi	Heildarkostn. á ári (þús. kr)	Kostn pr. barn á ári (þús.kr)
		Raun 2019	Raun 2019
Klettaskóli	130	1.708.248	13.140

Gjald vegna skólavistar í Arnarskóla tekur mánaðarlegum breytingum samkvæmt launavísitölu. Miðað er við átta tíma þjónustu á dag en boðið er upp á þjónustu alla mánuði ársins. Samkomulag hefur verið milli viðkomandi sveitarfélags og foreldra hvort barnið sé í þjónustu Arnarskóla ellefu eða tólf mánuði á ári. Arnarskóli er heildstæð skólaþjónusta sem þýðir að skóli, frístund og sumarfrístun fer öll fram á sama stað og ekki er sundurliðun á kostnaði eftir þjónustuliðum.

Í janúar 2020 var almennt mánaðargjald pr. nemanda í Arnarskóla kr. 1.305.926. Einn nemandi greiðir hærra gjald vegna þarfar fyrir aukinn stuðning og er það mánaðargjald kr. 1.457.969. Árlegur kostnaður fyrir 12 mánaða vistun vegna 4 nemenda er því kr. 64.508.964. Tekur kostnaður breytingum samkvæmt launavísitölu.

Sérskólar	Fjöldi	Heildarkostn. á ári (þús. kr)	Kostn pr. barn á ári (þús.kr)
Arnarskóli		Áætlað 2020	Áætlað 2020
Gjald pr. nemanda	4	62.684	15.671
Álagsgjald	1	1.825	1.825
Samtals		64.509	
Klettaskóli	4	52.561	13.140
- hækkun á innri leigu 2020	4	9.968	2.492
Viðbótarkostnaður		1.979	

Væru nemendurnir 4 í Klettaskóla, væri árlegur kostnaður kr. 52.561.000 byggt á rauntölum 2019. Viðbótarkostnaður á ársgrundvelli væru því tæpar 12.000.000 eða um 18,5% hærrí en í Klettaskóla. Fyrir liggur að innri leiga Klettaskóla hækkar mikið milli ára, fer úr kr. 126.000.000 fyrir árið 2019 í kr. 450.000.000 vegna ársins 2020. Ef mismuninum kr. 324.000.000 er deilt á 130 nemendur sem stunda nám við Klettaskóla hækkar kostnaður pr. nemanda um tæpar kr. 2.500.000 á ári og verður þá kr. 15.632.000 og árlegur kostnaður vegna 4 nemenda yrði kr. 62.531.000, sem er álíka kostnaður og við nemendur í Arnarskóla.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir fjármagni vegna framlags til Arnarskóla í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er áætlaður viðbótarkostnaður vegna áframhaldandi dvalar fjögurra nemenda kr. 64.500.000 á ársgrundvelli og tekur hann hækkun í samræmi við launavísitölu. Hins vegar er rétt að benda á að fjögur pláss í Klettaskóla nýtast nú öðrum börnum í stað þeirra sem stunda nám í Arnarskóla. Því er hægt að draga þá ályktun að ákveðin vöntun hafi verið fyrir hendi, annaðhvort að börn hafi verið í öðrum úrræðum sem ekki hentuðu eins vel eða að börn úr nágrannasveitarfélögum hafi fengið pláss sem greiða þá kr. 12.832.000 pr. barn árlega samkv. gjaldskrá. Er áætlað að sú gjaldskrá hækki í takt við hækkun innri leigu vegna ársins 2020 og verði á ársgrundvelli um kr. 15.332.000 pr. barn.

Gjaldskrá 2019 - nem utan Reykjavíkur (þús.kr)	Grunnsk.	Frístundaheimili	Sumarfrístund	Alls (ár)
Klettaskóli	8.400	3.042	1.390	12.832
Brúarskóli*	9.600			9.600
Hlíðaskóli - táknaálsdeild*	7.600			7.600
Langholtsskóli*	6.900			6.900

* nem. utan Reykjavíkur sækja ekki frístundabjónustu

Greining fjármála- og áhættustýringarsviðs sýnir að kostnaðaraukning vegna náms í Arnarskóla umfram Klettaskóla er óveruleg að teknu tilliti til hækkunar á innri leigu fyrir árið 2020 og væntanlegri afleiddri gjaldskrárhækkun. Þá telur fjármála- og áhættustýringarsvið að fullnægjandi greining hafi verið gerð vegna þjónustubarfa vegna þeirra 4 barna sem nú stunda nám í Arnarskóla og liggja fyrir einstaklingsmiðaðar námskrár sem sérfræðingur skóla- og frístundasviðs í málefnum fatlaðra hefur yfirfarið og staðfest.

Ákveðið var að fjárhagsleg greining á kostnaði við hvert barn í sérskólum og sérdeildum Reykjavíkurborgar með hliðsjón af framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði framkvæmd sérstaklega.

*Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir SFS, og Arnarskóli ses, kt. 490517-1380, Kópavogsbraut 5C, Kópavogi, hér eftir skólinn, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um rekstrarframlag, hér nefnt framlag, vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík:

1. gr.
Skilyrði

Skólinn skal hafa staðfestingu Menntamálastofnunar á þjónustusamningi við Kópavogsbæ.

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008, með síðari breytingum, reglugerð nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla og önnur lög og reglugerðir sem gilda um starfsemi grunnskóla.

Réttindi og skyldur nemenda skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla auk annarra laga eftir því sem við á.

Skólinn aflar og kannar sakarvottorð starfsmanna og tryggir að þeir standist þær kröfur sem leiða af 11. gr. grunnskólalaga.

Starfsfólk skólans skal gæta fyllstu þagnælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Skólinn sinnir að öllu leyti skólaskyldu og frístundaþjónustu nemenda sem samningurinn nær til með samþættingu, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga um grunnskóla. Komið verður til móts við námslegar, tilfinningalegar, félagslegar og líkamlegar þarfir nemenda samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Skólinn tryggir að starfsfólk hafi viðeigandi hæfni og þekkingu til að sinna verkefnum og velferð nemenda samkvæmt samningi þessum.

Skólinn fylgir ákvæðum laga nr. 91/2008, um grunnskóla og eftir því sem við á ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993 við töku ákvarðana, sem eru kærnanlegar skv. 47 gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla auk þess sem lög um upplýsingarétt nr. 140/2012 geta átt við um starfsemina.

Skólinn skal skila SFS starfsáætlun skólans og skólanámskrá, sem byggir á gildandi aðalnámskrá, fyrir 1. nóvember 2019.

Skólinn sendir einstaklingsnámskrár til SFS vegna hvers barns með lögheimili í Reykjavík eigi síðar en 6 vikum eftir að barnið byrjar í skólanum og einnig ef gerðar eru breytingar á einstaklingsnámskrá barns. Í einstaklingsnámskrá skal koma fram markmið og inntak náms, áherslur í námsgreinum, þroskaþáttum og athöfnum dagslegs lífs.

Skólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi skólans. Skólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki eftir því sem við á. Þess skal getið á heimasíðu að hann hafi gert þjónustusamning við Reykjavíkurborg sem falli undir reglur Reykjavíkurborgar um styrki frá 9. September 2004. Skólanum ber að skila skóla- og



frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

2. gr.

Rekstrarframlag

Skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar 4 reykvískra nemanda í skólanum, sem SFS hefur samþykkt að fái að stunda nám við skólann til 12 mánaða skólaárið 2019-2020, frá upphafi skólaársins þann 22. ágúst 2019 til 23. ágúst 2020.

Rekstrarframlag er kr. 1.289.665,- á mánuði pr. nemanda fyrir þrjú nemendur, miðað við ágúst 2019 og kr. 1.439.815,- á mánuði fyrir einn nemanda, miðað við ágúst 2019, sbr. meðfylgjandi yfirlit yfir nemendur. Rekstrarframlag hækkar í samræmi við launavísitölu á hverjum tíma.

Um er að ræða heildarframlag til skólans vegna skólögöngu og frístundaþjónustu þeirra nemenda sem samningurinn nær til, til samræmis við einstaklingsnámskrá sem afhent hefur verið skóla- og frístundasviði.

Innifalið í rekstrarframlagi er kostnaður sem hlýst af því að skólinn skuldbindur sig til að sinna að öllu leyti skólaskyldu, frístundaþjónustu og velferð tilgreindra nemenda með samþættingu samþættingu eins og lýst er í 6. málsgrein 1. gr. þessa samnings. Skólinn tryggir að starfsfólk hafi viðeigandi hæfni og þekkingu til að sinna verkefnum og velferð nemenda samkvæmt samningi þessum.

Ef þörf er á sérfræðiþjónustu sveitarfélags vegna nemendanna skal sú þjónustua veitt af skólaþjónustu Reykjavíkurborgar.

Framangreint framlag Reykjavíkurborgar við skólann, sem er framlag vegna reksturs skólans allt árið, verður greitt með mánaðarlegum greiðslum 20. dag hvers mánaðar fyrir líðandi mánuð. Framlagið miðast við fjölda nemenda í skólanum í yfirstandandi mánuði, sem eiga lögheimili í Reykjavík og nemendur sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

Skólanum ber að koma staðfestingu til SFS mánaðarlega um að þeir reykvísku nemendur, sem samningur þessi varðar, stundi enn nám við skólann. Staðfestingin skal hafa borist SFS fyrir 5. dag hvers mánaðar til að hægt sé að greiða rétta fjárhæð fyrir þann mánuð.

Skólanum ber að upplýsa SFS um það ef reykvískur nemandi hættir námi við skólann. Falla greiðslur SFS vegna þess nemanda niður frá þeim degi að telja.

Skólanum ber að skila til SFS starfsáætlun, þ.m.t. upplýsingum um fjölda nemenda á komandi skólaári, eigi síðar en 1. nóvember 2019.

Skólanum ber jafnframt að veita SFS upplýsingar um fjölda nemenda, sem stunda nám við skólann, hvenær sem þess er óskað. Skólinn getur tekið sér allt að fimm vinnudaga til að veita þessar upplýsingar.

3. gr.

Upplýsingar, mat og eftirlit

Skólinn skal lúta sama eftirliti með innra starfi og aðrir grunnskólar. Þeir skulu framkvæma innra mat með því að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Skólanum ber að birta á heimasíðu sinni upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Við undirritun samnings þessa liggur skólanámskrá skólans fyrir.



4. gr.**Endurskoðun samnings**

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi skólans er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

5. gr.**Framsal og fjárhagsleg ábyrgð**

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

Arnarskóli ber alla ábyrgð á rekstri skólans.

6. gr.**Force Majeure**

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

7. gr.**Gildistími og uppsögn**

Samningurinn gildir frá 22. ágúst 2019 til 24. ágúst 2020 og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

8. gr.**Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir**

Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt rekstrarframlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka rekstrarframlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði. Sama rétt til leiðréttingar og endurkröfu á skólinn á hendur SFS ef komi í ljós að rekstrarframlag hafi við vangreitt samkvæmt samningi þessum

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar. Áður en til riftunar kemur skal send áskorun um efndir innan 30 daga frá því að aðilanum berst sannanlega tilkynning um riftun.

9. gr.**Afturköllun viðurkenningar**

Afturkalli mennta- og menningarmálaráðherra staðfestingu þjónustusamnings skólans eða samningur við Kópavogsbæ fellur úr gildi, fellur samningur þessi úr gildi án uppsagnar.

10. gr.**Varnarþing**

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.



11. gr. Undirritun


Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist. Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs þar sem borgarráð heimilaði þann 18. júlí 2019 skóla- og frístundasviði að gera samning við Arnarskóla vegna skólaársins 2019 - 2020 með því skilyrði að greiðslur áttu að grundvallast á greiningu og mats á þjónustupörf hvers barns.

Reykjavík, 18. febrúar 2020



F.h. skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs




F.h. Arnarskóla

Atli F. Magnússon
Framkvæmdastjóri Arnarskóla ses.

Vottar að undirritun sviðsstjóra


Vottar að réttri dagsetningu undirritunum og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt vegna Arnarskóla:



2409541-41199

Ama Gardarsd.

041265-4349



Halnór Tassvadásar 170996-3649

Fylgiskjöl:

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki
Yfirlit yfir reykvíska nemendur Arnarskóla

8 Fylgiskjöl

8.1 Fylgiskjal 1 - Reglur Reykjavíkurborgar um styrkveitingar

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

1. kafli. Markmið.

1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

2. kafli. Ábyrgð.

4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

6.gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

12. gr.

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærri styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

15.gr.

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

16.gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli. Gildistaka

17. gr.

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.